



LANDFYLLING NORÐAN SKUTULSFJARÐAREYRAR

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI ÍSAFJARÐARBÆJAR 2008-2020

Skipulagslýsing

Til kynningar í september 2021



LANDFYLLING NORÐAN SKUTLSFJARÐAREYRAR

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI ÍSAFJARÐARBÆJAR 2008-2020

Skipulagslýsing

Skipulagslýsing

Skv. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	i
1 Inngangur	1
1.1 Tilgangur og markmið verkefnis	1
1.2 Tildrög	2
2 Forsendur og samhengi skipulagsgerðar	3
2.1 Skipulagssvæðið og fyrirhuguð landfylling	3
2.2 Staðhættir og umhverfi	3
2.3 Gildandi aðalskipulag og þróun byggðar	4
2.4 Deiliskipulag	6
2.5 Tengsl við aðrar áætlanir	6
3 Breyting á aðalskipulagi	8
4 Skipulagsferlið	10
4.1 Kynning og samráð	10
4.2 Umsagnaraðilar	10
4.3 Tímaáætlun verkefnis	10
5 Umhverfismat	12
5.1 Matsskylda áætlunar	12
5.2 Umhverfispættir og áhrifapættir	12
5.3 Viðmið og vísar	13
5.4 Aðferðir við umhverfismat og framsetning niðurstaðna	15
5.5 Stefnukostir	16
Heimildir	17

1 Inngangur

1.1 Tilgangur og markmið verkefnis

Markmið aðalskipulagsbreytingarinnar er að auka byggingarland á Ísafirði. Tryggja þarf nægt og fjölbreytt lóðaframboð í samræmi við meginmarkið aðalskipulags, húsnæðisáætlun sveitarfélagsins¹ og Sóknaráætlun Vestfjarða².

Skipulagslýsing

Í upphafi vinnu að skipulagi tekur skipulagsnefnd sveitarfélagsins saman lýsingu fyrir skipulagsverkefnið þar sem *gerð er grein fyrir tildrögum skipulagsvinnunnar* og hvernig fyrirhugað er að standa að skipulagsgerðinni. Lýsingin er þannig eins konar verkáætlun fyrir skipulagsgerðina.

Lýsingin er kynnt opinberlega og almenningur fær rödd í skipulagsvinnunni. Samtímis er leitað umsagnar Skipulagsstofnunar og annarra umsagnaraðila.

Helsta markmið skipulagslýsingar er að *íbúar og aðrir hagsmunaaðilar*, þ.á.m. stjórnvöld, stofnanir og fagaðilar með sérþekkingu á hinum ýmsu sviðum, *fái tækifæri til að kynna sér áformin* strax í upphafi og geti þannig komið á framfæri *athugasemdum og ábendingum* um *nálgun* við áætlunargerðina, *viðfangsefni* hennar og *helstu forsendur*.



Mynd 1 Skutulsfjarðareyri. Fyrirhugað landfyllingarsvæði er utan við Eyrina, til hægri á myndinni (Loftmyndir, 2016).

¹ Ísafjarðarbær, 2019.

² Vestfjarðastofa, 2019.

1.2 Tildrög

Fyrirhuguð landfylling norðan Skutulsfjarðareyrar (Eyrarinnar) mun skapa nýtt byggingarland en það er takmarkað í Skutulsfirði.

Sveitarfélagið sér fram á fólksfjölgun á næstu árum sbr. húsnæðisáætlun³ og því þarf að tryggja nægt og fjölbreytt byggingarland. Þessi áform samræmast vel þeirri stefnu sem mörkuð er í Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2034.⁴

Fyrirhuguð landfylling verður utan við Fjarðarstræti, nánar tiltekið frá Norðurtanga að Eyrargötu 2-4 sem er kennt við Íshúsfélagið (myndir 1 og 2). Gert er ráð fyrir að meginlandnotkun á fyllingunni verði íbúðarbyggð en einnig verði þar rými fyrir minni þjónustu. Lögð verður áhersla á góða aðstöðu til útivistar, útsýni til sjávar og að fyrirhuguð byggð falli vel að þeirri byggð sem fyrir er. Í aðalskipulagsbreytingunni verður einnig einnig gerð grein fyrir fyrirkomulagi innviða.

Unnið er að heildarendurskoðun Aðalskipulags Ísafjarðarbæjar 2008-2020 en ekki er búist við að endurskoðað skipulagið taki gildi fyrr en á seinni hluta árs 2022. Fyrirhugaðar breytingar verða færðar inn í endurskoðað aðalskipulag. Áætluð landfylling verður undir 5 ha að stærð og því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Landfyllingin sjálf er háð framkvæmdaleyfi Ísafjarðarbæjar en ekki er þörf á deiliskipulagi vegna hennar.

Hafnir Ísafjarðarbæjar vinna þessi misserin að lengingu Sundabakka og dýpkun við bakkann⁵. Umtalvert efni fellur til við dýpkunina og er áformað að nýta hluta dýpkunarefnisins í landfyllingu norðar Eyrar. Þannig er tryggt að efnið nýtist og að ekki þurfi að varpa því í hafið. Gert er ráð fyrir að dýpkunarframkvæmdir fari fram vorið 2022.

Aðalskipulagsbreytingin er unnin samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010. Skipulagsgerðin er háð lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Umhverfismatsskýrslan verður fléttuð inn í greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar og kynningar- og umsagnarferli umhverfismatsins verður samtvinnað aðalskipulagsbreytingunni.

Ráðgjafi Ísafjarðarbæjar í skipulagsvinnu verkefnisins er verkfræðistofan Verkís.

³ Ísafjarðarbær, 2019.

⁴ Vestfjarðastofa, 2019.

⁵ Ísafjarðarbær, 2021.

2 Forsendur og samhengi skipulagsgerðar

2.1 Skipulagssvæðið og fyrirhuguð landfylling

Aðalskipulagsbreytingin nær til fyrirhugaðrar landfyllingar norðan við Skutulsfjarðareyri, utan Fjarðarstrætis. Skipulagssvæðið nær frá Norðurtanga að húsi sem kennt er við Íshúsfélagið og stendur á milli Fjarðarstrætis og Eyrargötu (mynd 2). Umfang áætlaðrar landfyllingar er 4,8 ha.

Við Fjarðarstræti er einkum íbúðarbyggð en einnig atvinnustarfsemi, m.a. í fyrrnefndu Íshúsi og í húsi kenndu við Norðurtanga (Sundstræti 36) þar sem fyrirtækið Kerecis er með starfsemi. Slökkvistöð er við Fjarðarstræti en unnið er að því að finna henni nýjan stað og verður fjallað um það í endurskoðuðu aðalskipulagi sem nú er í vinnslu hjá sveitarfélaginu. Nokkurt landrými er óbyggt við utanvert Fjarðastræti, aðliggjandi landfyllingunni, og því svigrúm fyrir nýbyggingar þar. Utan við Íshúsfélagið er útrás sem er hluti af fráveitukerfi bæjarins.

2.2 Staðhættir og umhverfi

Stór hluti Skutulsfjarðareyrar er landfylling sem hefur stækkað jafnt og þétt síðustu áratugi. Landrými á Eyrinni var lítið við upphaf byggðar og því varð byggðin þétt. Fyrsta lögformlega skipulagið á Íslandi náði yfir Skutulsfjarðareyri og frumkvöðlar í byggingarlist settu mark sitt á húsbyggingar. Þetta tvennt leiddi til þess að á Ísafirði varð til sterkur miðbær sem enn í dag heldur sínum sterku sérkennum og yfirbragði. Eyrin geymir þannig menningarsögu svæðisins og hluta af menningarsögu þjóðarinnar. Miðað við önnur sveitarfélög, eru mörg gömul hús í Ísafjarðarbæ ennþá uppistandandi. Þetta yfirbragð er verndað í aðalskipulagi með hverfisvernd. Kjarni gömlu byggðarinnar er innan við Fjarðarstræti og Sundstræti, þ.e. ekki aðliggjandi fyrirhugaðri landfyllingu.

Grjótvarnargarður liggur meðfram strandlengjunni frá Norðurtanga og að gatnamótum Fjarðarstrætis og Sólögötu. Garðurinn ver byggðina gegn ríkjandi vindátt inn fjörðinn. Fínefni berst með straumum frá vestanverðum Skutulsfirði, meðfram Eyrarhlíð og að fyrirhuguðu fyllingarsvæði.⁶ Breytingarnar vegna þessara efnisflutninga síðustu 2-3 áratugi eru sýnilegar.⁷

⁶ Ísafjarðarbær, 2021.

⁷ Munnlegar upplýsingar frá Guðmundi M. Kristjánssyni hafnarstjóra.



Mynd 2 Fyrirhuguð landfylling (Loftmyndir, 2016).

2.3 Gildandi aðalskipulag og þróun byggðar

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 var samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 4.2. 2010 og staðfest af umhverfisráðherra þann 31.3. 2010. Gerðar hafa verið 10 breytingar frá staðfestingunni. Nú er unnið að heildarendurskoðun skipulagsins og má búast við að nýtt skipulag liggi fyrir seinni hluta árs 2022.

Í gildandi aðalskipulagi er svæðið á milli Fjarðarstrætis og fyrirhugaðrar landfyllingar skilgreint sem svæði fyrir íbúðarbyggð. Ysti hlutinn er skilgreindur sem opið svæði og útivist og þar er malbikaður göngustígur. Stór hluti Skutulsfjarðareyrar er hverfisverndaður í gildandi aðalskipulagi. Hverfisverndaða svæðið nær alveg að sjó utan við Fjarðastræti.

Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir lengingu Sundabakka og hluti af þeirri framkvæmd er dýpkun hafnarinnar. Framkvæmdir við Sundabakka standa nú yfir og er gert ráð fyrir dýpkun hafnarinnar vorið 2022. Við dýpkunina verður til umtalsvert magn dýpkunarefnis. Hluti efnisins nýtist í landfyllingu og við landmótun á Suðurtanga Eyrarinnar, í samræmi við aðalskipulag og deiliskipulag. Í umhverfismati vegna dýpkunar við Sundabakka er farið yfir nokkra valkosti varðandi nýtingu efnisins. Þar er gert ráð fyrir að nýta umframefni í landfyllingu á Langeyri í Álftafirði eða að öðrum kosti að varpa því í hafið. Hagkvæmast er að nýta efnið sem næst upprunastað í Skutulsfirði.

Í leiðarljósi aðalskipulagsins má sjá helstu áhersluatriði sveitarfélagsins:

Leiðarljós aðalskipulagsins er það að sveitarfélagið Ísafjarðarbær verði fjölbreytt, framsækið og fjölskylduvænt samfélag með góðri þjónustu við alla íbúa og gesti og með þróttmikilli atvinnusköpun. Lífsgæðin og framtíðartækifærin felast í sögu, menningu og þeim náttúruauðlindum og mannauði sem er til staðar. Áhersla er lögð á það að viðhalda þessum gæðum og takmarka ekki frelsi komandi kynslóða til að fullnægja þörfum sínum. Jafnframt skal lögð áhersla á virka þátttöku almennings sem ber ábyrgð á þróun samfélagsins og umhverfisins.

Stefnan er nánar útfærð í einstökum landnotkunarflokkum eins og sjá má hér á eftir.

Byggð og yfirbragð byggðar

Í aðalskipulaginu er lögð áhersla á aðlaðandi og fjölbreytt umhverfi til búsetu. Íbúðarsvæði verði í góðum tengslum við náttúru svæðisins og í takt við sögulegt umhverfi. Í aðalskipulaginu segir að skipulag í tengslum við nýbyggingar og uppbyggingu eldri húsa í Ísafjarðarbæ skuli taka mið af menningarsögulegum arfi, m.a. stærðum og hlutföllum eldri húsa á svæðinu. Í hverfisverndarákvæðum, m.a. á Skutulsfjarðareyri, eru sett skilyrði um viðhald og uppbyggingu menningarsögulegra verðmæta.

Íbúðarbyggð

Í húsnaðisáætlun Ísafjarðarbæjar frá árinu 2019⁸ kemur fram að lítið hafi verið byggt á Ísafirði á tímabilinu 2004-2018. Aukinn áhugi er nú á nýbyggingum, m.a. vegna horfa í atvinnumálum og hækkandi íbúðarverðs. Gangi spár og áætlanir um fólksfjölda eftir verður þörf fyrir meira byggingarland en fyrri áætlanir hafa gert ráð fyrir. Byggingarland í firðinum er hins vegar takmarkað, m.a. vegna ofanflóðahættu. Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir þéttingu byggðar og nýrra hverfishluta, m.a. á Suðurtanga. Í aðalskipulaginu segir:

- ♦ Ávallt verði tiltækar fjölbreyttar lóðir fyrir íbúðarhús sem henti öllum aldurs- og þjóðfélagshópum. Þannig hafi fólk val um búsetu m.t.t. staðsetningar og umhverfis.
- ♦ Íbúðarsvæðin njóti góðs af því umhverfi og gæðum sem eru til staðar og raski ekki sérstöðunni, þ.e. menningarsögulegum arfi og náttúru.

Útivist og opin svæði

Eftirfarandi markmið eru m.a. sett í gildandi aðalskipulagi um útivist, opin svæði og íþróttir:

- ♦ Nálægð við náttúruna og sérkenni verði nýtt á sjálfbæran hátt til útivistar.
- ♦ Allt skipulag taki tillit til og hvetji til útivistar, íþróttar- og tómstundastarfa.
- ♦ Aðgengi að náttúru verði tryggt, m.a. að fjöru og tengsl íbúa við náttúru og umhverfi efla.

Náttúruvá

Í umfjöllun um loftslagsbreytingar og sjávarrof eru eftirfarandi markmið sett:

- ♦ Rofvörnum verði haldið við þar sem landbrot er við byggð.
- ♦ Ásýnd byggðar og lands verði hlíft eins og kostur er, sérstaklega náttúrulegum fjöllum.

Einnig er bent á að horfa þurfi mjög langt fram í tímann og taka tillit til langtíma sjávarstöðubreytinga við hönnun, því líftími bygginga getur verið hundruð ára. Við skipulag og hönnun sjóvarna þarf jafnframt að huga að útsýni og ásýnd Eyrarinnar.

Innviðir

Í umfjöllun um veitur eru eftirfarandi markmið sett:

- ♦ Byggja upp veitukerfi sem stenst samanburð við aðra byggðakjarna á landinu en jafnframt lágmarka neikvæð umhverfisáhrif vegna þessa.
- ♦ Fráveita sveitarfélagsins verði í samræmi við lög og reglugerðir

⁸ Ísafjarðarbær, 2019.

- ◆ Mengun vegna skólps við strendur sveitarfélagsins verði í algjöru lágmarki.

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir að allt skólp frá Eyrinni verði leitt út fyrir hana. Hreinsun heimilisskólps skal miðast við grófhreinsun rusls sem veldur sjónmengun. Skólp skal leitt út í sjó þar sem viðtakinn ræður vel við þá mengun sem þangað berst. Stefnt skal að tvöföldu fráveitukerfi í öllum hverfum sveitarfélagsins.

2.4 Deiliskipulag

Í gildi er deiliskipulag fyrir norðanverða Skutulsfjarðareyri (Eyrin á Ísafirði). Skipulagið er frá árinu 1997 en hefur verið breytt 9 sinnum. Uppbygging á íbúðarsvæði Í5 skv. núgildandi aðalskipulagi og fyrirhuguð landfylling munu kalla á breytingar á deiliskipulaginu. Ráðgert er að breyta deiliskipulaginu í kjölfar heildarendurskoðunar aðalskipulagsins. Gerð landfyllingar er ekki háð deiliskipulagi en gera þarf nýtt deiliskipulag fyrir svæðið áður en ráðist verður í uppbyggingu á henni.

2.5 Tengsl við aðrar áætlanir

Við skipulagsgerðina verður gætt að samræmi við stefnu stjórnvalda á landsvísu um skipulagsmál og stefnu Ísafjarðarbæjar. Helstu áætlanir og stefnuskjöl eru tilgreind hér að neðan.

Landsskipulagsstefna 2015-2026

Landskipulagsstefna er unnin á grundvelli skipulagslaga og felur í sér stefnu ríkisins í skipulagsmálum og almenn sjónarmið til leiðbeiningar við skipulagsgerð sveitarfélaga.⁹

Aðalskipulagsbreytingin tengist einkum þeirri stefnu sem mörkuð er um búsetumynstur og dreifingu byggðar í áætluninni. Þar er lögð áhersla á að þróun þéttbýlis og fyrirkomulag byggðar stuðli að sjálfbærni með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og markvissu og samþættu skipulagi byggðar og samgangna. Eftirfarandi áherslur eru einnig settar fram í áætluninni:

- ◆ Skipulag byggðar og þróun þéttbýlis stuðli að samkeppnishæfni og þoli samfélags í einstökum landshlutum og á landinu í heild.
- ◆ Skipulag byggðar stuðli að sjálfbærri þróun þéttbýlisstaða með þéttri, samfelldri byggð, endurskipulagningu vannýttra svæða og eflingu nærsamfélags. Uppbygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis verði í samræmi við þarfir samfélagsins á hverjum tíma og til framtíðar.
- ◆ Skipulag byggðar og bæjahönnun stuðli að gæðum í hinu byggða umhverfi og að yfirbragð og mælikvarði nýrrar byggðar falli að bæjarmynd viðkomandi staðar og sögulegri byggð. Jafnframt verði stuðlað að heilnæmu umhverfi sem veiti góð skilyrði til búsetu og möguleika til fjölbreyttrar útiveru.
- ◆ Skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs.
- ◆ Skipulag byggðar og landnotkunar feli í sér samþætta stefnu um byggð og samgöngur með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreytta ferðamáta.
- ◆ Við skipulag byggðar verði tekið tillit til náttúruvár og loftslagsbreytinga.

⁹ Skipulagsstofnun, 2016.

Aðrar áætlanir stjórnvalda á landsvísu

Hér eru dæmi um áætlanir og stefnuskjöl á landsvísu sem varða sérstaklega aðalskipulagsbreytinguna.

*Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.*¹⁰ Markmiðin voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna árið 2015. Íslensk stjórnvöld hafa valið sérstök forgangsmarkmið til að vinna að og eru nánar útfærð í öðrum áætlunum stjórnvalda, svo sem aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Tiltekin heimsmarkmið verða notuð sem viðmið við mat á áhrifum áætlunarinnar.

*Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018–2030.*¹¹ Aðgerðaáætlunin tekur til helstu aðgerða stjórnvalda til að draga úr losun og auka kolefnisbindingu úr andrúmslofti, þannig að Ísland gæti staðið við alþjóðlegar skuldbindingar sínar í loftslagsmálum og áform um kolefnishlutleysi 2040.

*Stefnumótandi byggðaáætlun 2018–2024.*¹² Markmið byggðaáætlunar er að jafna aðgengi að þjónustu og tækifæri til atvinnu og stuðla að sjálfbærri þróun byggða um allt land.

*Menningarstefna í mannvirkjagerð.*¹³ Í menningarstefnu í mannvirkjagerð er lögð áhersla m.a. á verndun ósnortins lands, byggingararfs og aðlögun mannvirkja að landslagi sem og gæði þeirra.

Svæðisáætlanir fyrir Vestfirði

Dæmi um aðrar áætlanir á Vestfjörðum sem varða aðalskipulagið.

*Sóknaráætlun Vestfjarða 2020–2024.*¹⁴ Áætlunin er stefnumótandi byggðaáætlun fyrir Vestfirði og felur í sér stöðumat, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir. Til umfjöllunar eru einkum atvinna, nýsköpun, samfélag,

umhverfi, skipulag og menning. Í áætluninni er m.a. lögð áhersla á að fjölga fyrirtækjum, störfum og vel menntuðu starfsfólki. Einnig að auka umhverfisvitund íbúa, sveitarfélaga og fyrirtækja, bæta aðgengi að sjálfbærum lausnum og bjóða upp á framúrskarandi aðstöðu til útivistar.

*Áfangastaðaáætlun Vestfjarða.*¹⁵ Í áfangastaðaáætlun er greining á stöðu ferðaþjónustunnar á svæðinu. Út frá greiningunni var mótuð framtíðarsýn, sett markmið og gerð aðgerðaáætlun. Í framtíðarsýninni eru Vestfirðir sjálfbær gæðaáfangastaður þar sem arðbær ferðaþjónusta er rekin í sátt við umhverfi og samfélag. Hringvegur 2 og net göngu-, hjóla- og hlaupaleiða gefur gestum kost á að njóta sérkenna svæðisins, ægifagurrar náttúru og heildstæðra þorpsmynda allt árið um kring.

¹⁰ Stjórnarráð Íslands, 2020a.

¹¹ Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2018.

¹² Stjórnarráð Íslands, 2018.


¹³ Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2014.

¹⁴ Vestfjarðarstofa, 2019.

¹⁵ Markaðsstofa Vestfjarða og Ferðamálastofa, 2018.

3 Breyting á aðalskipulagi

Fyrirhugaðar aðalskipulagsbreytingarnar gera ráð fyrir nýrri landfyllingu norðan Fjarðarstrætis á Skutulsfjarðareyri (mynd 3). Megin hluti landfyllingarinnar verður skilgreindur sem íbúðarbyggð en einnig verða í skipulagsvinnunni skoðaðir möguleikar á að hafa þar skólabyggingu og minni háttar þjónustu. Fjallað verður um aðgengi að sjó og gönguleiðir auk almennra innviða (gatnakerfi og veitur). Nánar er gerð grein fyrir fyrirhuguðum breytingum á landnotkun í töflu 1.



Mynd 3 Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 (þéttbýlisuppráttur) og fyrirhuguð skipulagsmörk.

Tafla 1. Fyrirhugaðar breytingar á landnotkun.

Nýtingarflokkur	Lýsing á breytingu
Íbúðarbyggð	Landfyllingin verður um 4,8 ha að stærð og meginhluti hennar verður skilgreindur sem íbúðarbyggð. Í aðalskipulagsbreytingunni verða settir skilmálar um umfang og yfirbragð byggðar. Ákvæðin munu taka mið af byggðinni sem fyrir er, þ.m.t. aðliggjandi hverfisverndarsvæði, og umhverfisaðstæðum.
Þjónustustofnanir og önnur þjónusta	Í skipulagsvinnunni verða skoðaðir möguleikar á skólabyggingu á skipulagssvæðinu eða annarri minni háttar þjónustu fyrir hverfið.
Opin svæði og útivist Vegir og gatnakerfi (vegir, götur og stígar)	Fjallað verður um göngu- og hjólaleiðir, þ.e. tengingu við núverandi leiðir og aðgengi að sjávarsíðunni. Gerð verður grein fyrir vegtengingum við núverandi götur og vegi í nágrenninu og grófri útfærslu gatnakerfis á landfyllingunni.
Veitur (fráveita, rafveita, hitaveita, vatnsveita og fjarskipti)	Fjallað verður um stofnkerfi veitna eins og til er ætlast í aðalskipulagi. Byggðin mun tengjast þeim stofnkerfum sem fyrir eru.
Náttúruvá	Gert er ráð fyrir grjótvörn vegna ágangs sjávar. Tryggja þarf að svæðið verði hannað m.t.t. hækkandi sjávarstöðu og ágangs sjávar. Notast verður við viðmiðunarreglur Vegagerðarinnar fyrir landhæð á lágsvæðum frá árinu 2018. ¹⁶ Nánari útfærsla, s.s. á gólfkóta, verður í deiliskipulagi svæðisins.

¹⁶ Vegagerðin, 2018

4 Skipulagsferlið

4.1 Kynning og samráð

Kynningar- og umsagnarferli aðalskipulagsbreytingarinnar og umhverfismats þess verður samtvinnað.

Kynning skipulagslýsingar

Kynning skipulagslýsingar verður í samræmi við gr. 4.2.4 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Lýsinguna verður hægt að nálgast á vef Ísafjarðarbæjar, www.isafjordur.is. Hún verður auk þess auglýst í dagblaði sem gefið er út á landsvísi og í héraðsfréttablaði. Samhliða þessu verður lýsingin send Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum. Skv. skipulagsreglugerð ber sveitarstjórn ekki skylda til að svara með formlegum hætti athugasemdum sem kunna að berast vegna lýsingarinnar.

Kynning tillögu að aðalskipulagsbreytingu

Drög að breytingu á aðalskipulagi verða unnin í samræmi við skipulagslýsinguna og þau kynnt fyrir almenningi. Skipulagsdrögin verða birt á vef Ísafjarðarbæjar en jafnframt verða þau kynnt á opnum fundi á Ísafirði. Að lokinni kynningu verður unnin tillaga að breytingu á aðalskipulagi í samræmi við framkomnar athugasemdir og hún lögð fyrir sveitarstjórn. Í framhaldinu verður tillagan send Skipulagsstofnun til athugunar. Að því loknu verður tillagan auglýst með sex vikna athugasemdafresti. Að þeim tíma liðnum er tekin afstaða til framkominna athugasemda og er tillögunni breytt ef framkomnar athugasemdir gefa tilefni til. Í framhaldinu afgreiðir sveitarstjórn tillöguna og sendir Skipulagsstofnunar hana til staðfestingar. Þegar aðalskipulagsbreytingin hefur hlotið staðfestingu Skipulagsstofnunar verður gildistaka hennar auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

4.2 Umsagnaraðilar

Umsagnaraðilar eru skv. skipulagslögum skilgreindir sem opinberar stofnanir og stjórnvöld sem sinna lögbundnum verkefnum á sviði skipulagsmála og leyfisveitingum þeim tengdum. Skipulagslýsingin verður send eftirfarandi aðilum og Skipulagsstofnun til umsagnar:

- ♦ Umhverfisstofnun
- ♦ Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
- ♦ Minjastofnun
- ♦ Orkubú Vestfjarða
- ♦ Vegagerðin
- ♦ Isavia
- ♦ Veðurstofa Íslands
- ♦ Ferðamálastofa
- ♦ Samgöngustofa
- ♦ Fiskistofa
- ♦ Míla
- ♦ Bolungarvíkurkaupstaður, Súðavíkurhreppur
- ♦ Vesturbyggð, Reykhólahreppur, Árneshreppur og Strandabyggð

Við vinnslu skipulagsins verður að auki leitað til samtaka, stofnana, fagaðila og einstaklinga eftir því sem viðfangsefnið gefur tilefni til. Óskað verður eftir umsögnum umsagnaraðila samhliða kynningu á skipulagsdrögum.

4.3 Tímaáætlun verkefnis

Tímaáætlun miðast við að lýsing skipulagsverkefnisins verði kynnt í lok september 2021.

Tafla 2. Tímaáætlun helstu verkþátta aðalskipulagsbreytingarinnar.

Verkþáttur	Tími
Skipulagslýsing samþykkt í sveitarstjórn	September 2021
Skipulagslýsing kynnt og send umsagnaraðilum	September 2021
Drög að aðalskipulagsbreytingu samþykkt í sveitarstjórn	Október 2021
Drög að aðalskipulagsbreytingu kynnt á vinnslustigi	Nóvember 2021
Tillaga að aðalskipulagsbreytingu samþykkt í bæjarstjórn	Desember 2021
Athugun Skipulagsstofnunar	Desember 2021 – janúar 2022
Tillaga að aðalskipulagsbreytingu með athugasemdum Skipulagsstofnunar samþykkt í bæjarstjórn	Janúar 2022
Tillaga að aðalskipulagsbreytingu auglýst skv. lögum með 6 vikna athugasemdafresti	Janúar – febrúar 2022
Tillaga að aðalskipulagsbreytingu samþykkt í bæjarstjórn	Mars 2022
Aðalskipulagsbreyting yfirfarin hjá Skipulagsstofnun	Mars 2022
Staðfest aðalskipulagsbreyting auglýst í Stjórnartíðindum (gildistaka skipulags)	Apríl 2022

5 Umhverfismat

5.1 Matsskylda áætlunar

Aðalskipulagsbreytingin er unnin í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Umhverfismat áætlana

Umhverfismat áætlana felst í að meta áhrif skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið og *nýta niðurstöður* matsins til að *draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum* þeirra.

Umhverfismat ber að vinna sem *hluta af skipulagsáætlunum* sveitarfélaga (svæðisskipulags, *aðalskipulags* og deiliskipulags) og áætlana á borð við rammaáætlun og samgönguáætlun.

Ákvæði um umhverfismat áætlana er bæði að finna í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana og í 12. gr. skipulagslaga.

5.2 Umhverfisþættir og áhrifaþættir

Áhrifavaldar eða áhrifaþættir skipulagsins eru þeir hlutar stefnunnar sem eru líklegir til að hafa áhrif á umhverfið. Umhverfisþættir eru þættir sem framkvæmd eða áætlun getur haft áhrif á. Umhverfismatinu er ætlað að lágmarka neikvæð áhrif við gerð áætlunar og hámarka þau jákvæðu. Í töflu 3 má sjá megin matsþætti og umhverfisþætti sem eru líklegir til að verða fyrir áhrifum vegna stefnu aðalskipulagsins (vinsun umhverfisþátta). Umhverfisþættir eru skilgreindir í lögum um umhverfismat framkvæmda og

áætlana en frekari útfærsla og vinsun þeirra byggir á fyrirbyggjandi upplýsingum um grunnástand og aðrar forsendur.

Tafla 3. Matsþættir og umhverfisþættir sem líklegt er að verði fyrir áhrifum aðalskipulagsbreytingarinnar.

Matsþáttur	Umhverfisþættir ¹⁷	Skýringar
Samfélag	Íbúar, menningarverðmæti, heilbrigði manna, loftslag	Áhrif nýrrar byggðar á samfélagið í heild og þróun þess. Samræmi við fyrirbyggjandi áætlanir sveitarfélagsins. Meta þarf áhrif m.t.t. ásyndar byggðarinnar á Eyrinni, hávaða og loftmengunar vegna umferðar, bæði á framkvæmdatímanum og til lengri tíma. Meta þarf heildstætt áhrif landfyllingar og byggðarinnar m.t.t. loftslagsbreytinga. Jafnframt þarf að horfa til sjávarflóða og hækkandi sjávarborðs.
Náttúra	Lífriki, líffræðileg fjölbreytni, landslag, jarðmyndanir, jarðvegur, vatn, loft, loftslag, náttúruhamfarir	Landfyllingin raskar sjávarbotni, lífríki sjávar og mögulega fuglalífi. Ný byggð veldur einnig auknu álagi á umhverfið.
Innviðir	Efnisleg verðmæti, íbúar, loftslag	Tryggja þarf virkni núverandi og fyrirhugaðra innviða, þ.e. veitna og samgangna. Huga þarf að aðgengi að sjó og tryggja greiðar hjóla- og gönguleiðir í samræmi við áætlanir um að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda.

¹⁷ Byggt á lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana

5.3 Viðmið og vísar

Í umhverfismati áætlana er notast við umhverfisviðmið til að meta umfang og vægi áhrifa sem áætlunin kann að valda. Viðmiðunum er ætlað að lýsa æskilegri þróun með tilliti til sjálfbærni og umhverfis. Umhverfisviðmiðin eru birt í töflu 4 á næstu blaðsíðu, en þar eru einnig tilgreindir vísar og tengsl við umhverfispætti. Viðmiðin eru byggð á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.¹⁸ Sérstaklega er tekið mið af heimsmarkmiðum sem valin hafa verið sem forgangsmarkmið íslenskra stjórnvalda og hafa augljós tengsl við skipulagsgerð.¹⁹ Einnig er byggt á Landsskipulagsstefnu 2015-2026²⁰ og öðrum áætlunum á landsvísu sem marka stefnu um landnotkun.

Í umhverfismatinu er unnið með þrjá matspætti sem taka til meginviðfangsefna í matinu, sbr. töflu 3 hér að framan. Lagt verður mat á hvort skipulagið eða einstakir hlutar þess styðji eða gangi gegn umhverfisviðmiðunum og við framkvæmd matsins verður beitt matsspurningum sem vísa til umhverfisviðmiðanna.

Umhverfispættir

Umhverfispættir eru *pættir í umhverfinu* sem skipulagsáætlunin getur *haft áhrif á*. Áhrifin geta verið veruleg eða óveruleg, jákvæð eða neikvæð, tímabundin eða varanleg.

Í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana segir að fjalla skuli um eftirfarandi umhverfispætti, m.t.t. viðkomandi áætlunar eða framkvæmdar:

íbúa og heilbrigði manna,

líffræðilega fjölbreytni með sérstakri áherslu á tegundir og búsvæði sem njóta verndar,

land, landslag, víðerni, jarðmyndanir, jarðveg, vatn, loft og loftslag,

efnisleg verðmæti og menningarminjar,

næmi framkvæmdar eða áætlunar fyrir hættu á stórslysum og náttúruhamförum,

samspil þeirra þátta sem taldir eru upp að ofan.

¹⁸ Stjórnarráð Íslands, 2020a.

¹⁹ Stjórnarráð Íslands, 2020b.

²⁰ Skipulagsstofnun, 2016.

Tafla 4. Umhverfisviðmið, umhverfisvísar og umhverfispættir sem byggt verður á í umhverfismati.^{21 22}

Umvhverfisviðmið	Umvhverfisvísar	Umvhverfispættir
<i>Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vögggu til grafar</i> Byggt á: Heimsmarkmiðum Sp og Landsskipulagsstefnu	Umferðarslys, aðgengi að útivist, ásýnd lands, hætta vegna ofanflóða, hljóðstig, loftgæði, binding kolefnis, losun kolefnis	Íbúar, heilbrigði manna, efnisleg verðmæti, landslag, vatn, loft, loftslag
<i>Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla</i> Byggt á: Heimsmarkmiðum Sp og Landsskipulagsstefnu	Hagvöxtur, íbúafjöldi, ferðaþjónusta, viðhorf ferðamanna, staða atvinnulífs og fjölbreytni	Íbúar, heilbrigði manna, efnisleg verðmæti, menningarverðmæti
<i>Byggja viðnámsþolna innviði og styðja nýsköpun</i> Byggt á: Heimsmarkmiðum Sp og Landsskipulagsstefnu	Fjarskipti, veitur, umferð, vegflokun, mengun sjávar	Íbúar, heilbrigði manna, efnisleg verðmæti
<i>Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagshópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum</i> Byggt á: Heimsmarkmiðum Sp og Landsskipulagsstefnu	Ferðamáttar og almenningssamgöngur, umferðarslys, íbúðir, loftgæði, meðhöndlun úrgangs, verndarsvæði	Íbúar, heilbrigði manna, menningarverðmæti, lífríki, líffræðileg fjölbreytni, landslag, jarðmyndanir, jarðvegur, vatn, loft, loftslag, náttúruhamfarir, efnisleg verðmæti
<i>Tryggja sjálfbæra neyslu og framleiðsluáðferðir</i> Byggt á: Heimsmarkmiðum Sp	Meðhöndlun úrgangs, neysla	Íbúar, lífríki, líffræðileg fjölbreytni, jarðmyndanir, jarðvegur, vatn, loft, loftslag, náttúruhamfarir, efnisleg verðmæti
<i>Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra</i> Byggt á: Heimsmarkmiðum Sp, Landsskipulagsstefnu og Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum	Binding kolefnis, losun kolefnis, hækkun sjávarborðs, ferðamáttar og almenningssamgöngur	Íbúar, heilbrigði manna, lífríki, líffræðileg fjölbreytni, jarðvegur, vatn, loft, loftslag, náttúruhamfarir, efnisleg verðmæti
<i>Varðveita umhverfi hafsins og auðlindir þess og nýta það á sjálfbæran hátt.</i> Byggt á: Heimsmarkmiðum Sp	Ástand sjávar, verndarsvæði, mengun	Íbúar, lífríki, líffræðileg fjölbreytni, vatn, loftslag, náttúruhamfarir, efnisleg verðmæti
<i>Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi</i> Byggt á: Landsskipulagsstefnu, Velferð til framtíðar og Menningarstefnu í mannvirkjagerð: Stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist	Fágæti landslags, ásýnd lands, menningarminjar fornleifaskráning, náttúruminjar, röskun minja og verðmæta	Íbúar, menningarverðmæti, líffræðileg fjölbreytni, landslag, jarðmyndanir, loftslag, náttúruhamfarir, efnisleg verðmæti

²¹ Stuðst var við Lýsingu fyrir Landsskipulagsstefnu fyrir loftslag, landslag og lýðheilsu (viðauki við Landsskipulagsstefnu 2015-2026). Sjá Skipulagsstofnun, 2016.

²² Nánari tilvísanir í Heimsmarkmið, Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, Velferð til framtíðar og Menningarstefnu í mannvirkjagerð er að finna í heimildaskrá í viðauka.

5.4 Aðferðir við umhverfismat og framsetning niðurstaðna

Við umhverfismatið er stuðst við þær upplýsingar sem fyrir liggja um grunnástand umhverfisins og líkleg umhverfisáhrif skipulagsbreytingarinnar. Horft er til sambærilegra framkvæmda annars staðar, m.a. í nágrenni við skipulagssvæðið. Leitað verður til fagaðila og einstaklinga sem kunna að hafa þekkingu á staðháttum gerist þess þörf.

Umhverfismatsskýrslan verður fléttuð inn í greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar. Þar verður greint frá mögulegum umhverfisáhrifum aðalskipulagsbreytingarinnar. Kynningar- og umsagnarferli umhverfismatsins verður samtvinnað aðalskipulagsbreytingunni eins og áður kom fram.

Umhverfismatið verður m.a. sett fram í matöflum. Stuðst verður við vægiseinkunnir við mat á valkostum og einstökum þáttum skipulagsins. Vægiseinkunnirnar byggja á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar eins og sjá má í töflu 5.²³

Tafla 5. Vægiseinkunn fyrir mat á umhverfisáhrifum áætlunar.

Vægiseinkunn	Skýringar
++	Veruleg jákvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega jákvæðri breytingu á umhverfinu.
+	Jákvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið.
0	Engin eða óveruleg áhrif / Á ekki við. Tillaga að stefnu eða framkvæmd hefur engin, lítil eða óljós tengsl við viðkomandi umhverfisviðmið.
-	Neikvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið.
--	Veruleg neikvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega neikvæðri breytingu á umhverfinu.
?	Óvissa um áhrif / Vantar upplýsingar. Óvíst er eða háð útfærslu hvort tillaga að stefnu eða framkvæmd styður eða vinnur gegn viðkomandi umhverfisviðmiði.

²³ Skipulagsstofnun, 2007.

5.5 Stefnukostir

Í skipulagsgerðinni verða metnir tveir valkostir um stefnu aðalskipulagsins með það að markmiði að fá yfirsýn og veita upplýsingar um það svigrúm sem er í skipulagsgerðinni með tilliti til sjálfbærniþiðmiða.

Áformað er að skoða eftirfarandi valkosti í tengslum við aðalskipulagsbreytinguna.

- ♦ **Núll-kostur**

Ekki verður af landfyllingu norðan Skutulsfjarðareyrar og þeirri byggð sem henni myndi fylgja. Gert er ráð fyrir uppbyggingu á því byggingarlandi sem tilgreint er í gildandi aðalskipulagi.

- ♦ **Landfylling**

U.þ.b. 4,8 ha landfylling norðan Skutulsfjarðareyrar í samræmi við þær hugmyndir sem settar hafa verið fram í lýsingunni. Gert er ráð fyrir íbúðarsvæði og minni háttar þjónustu ásamt nauðsynlegum innviðum og góðu aðgengi að sjó.

Stefnukostir

Stefnukostir eru þeir *valkostir* sem ákveðið er að taka afstöðu til í umhverfismati áætlunar. Þeir eru þannig *bornir saman* í umhverfismatinu m.t.t. áhrifa þeirra á umhverfið og mat lagt á hvaða valkostur hefur minnstu óæskilegu áhrifin á umhverfið en stuðlar best að jafnvægi milli hinna þriggja stöða sjálfbærrar þróunar sem eru umhverfi, samfélag og efnahagur.

Heimildir

Ísafjarðarbær, 2019. Húsnæðisáætlun Ísafjarðarbæjar. Ísafjarðarbær og Reykjavík Economics ehf. Sótt 1. September af <https://www.isafjordur.is/-/static/files/UtgefidEfni/Annad/husnaedisaaetlun-isafjardarbaejar.pdf>

Ísafjarðarbær, 2021. Dýpkun við Sundabakka á Ísafirði. Mat á umhverfisáhrifum. Matsskýrsla. Sótt 1. September af <https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1672/202007022%20-%20D%C3%BDpkun%20vi%C3%B0%20Sundabakka%20%C3%A1%20%C3%8Dsafir%C3%B0i.pdf>

Loftmyndir, 2016. Loftmyndir teknar af Lofmyndum ehf.

Markaðsstofa Vestfjarða og Ferðamálastofa, 2018. Áfangastaðáætlun Vestfjarða.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2014. Menningarstefna í mannvirkjagerð: Stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist. Sótt 4. september 2021 af <https://www.stjornarradid.is/>

Skipulagsstofnun, 2007. Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana. Sótt 6. september 2021 af <http://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/aaetlanamat.pdf>

Skipulagsstofnun, 2016. Landsskipulagsstefna 2015–2026 ásamt greinargerð. Sótt 28. ágúst 2021 af <http://www.landsskipulag.is/>

Stjórnarráð Íslands, 2018. Byggðáætlun 2018-2024. Sótt 6. september 2021 af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/sveitarstjornir-og-byggdamal/byggdamal/byggdaaaetlun/byggdaaaetlun-2018-2024/>

Stjórnarráð Íslands, 2020a. Heimsmarkmiðin. Sótt 25. ágúst 2021 af <http://heimsmarkmidin.is/>

Stjórnarráð Íslands, 2020b. Heimsmarkmiðin. Forgangsmarkmið ríkisstjórnarinnar. Sótt 25. ágúst 2021 af

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/utanrikismal/throunarsamvinna/heimsmarkmidin/forgangsmarkmid-rikisstjornarinnar/>

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2018. Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018 – 2030. Fyrsta útgáfa, september 2018. Sótt 5. september 2021 af <https://www.stjornarradid.is>

Umhverfissráðuneytið, 2010. Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi - Áherslur 2010-2013. Sótt 5. september 2021 af <https://www.stjornarradid.is/>

Vegagerðin, 2018. Lágsvæði – viðmiðunarreglur fyrir landhæð. Sigurður Sigurðarson. Sótt 4. september 2021 af [https://www.vegagerdin.is/-vefur2.nsf/Files/lagsvaede_vidmidunarreglur_2018/\\$file/L%C3%A1gsv%C3%A6%C3%B0i-vi%C3%B0mi%C3%B0unarreglur-%C3%9Atg%C3%A1fa%20A-04%202018.pdf](https://www.vegagerdin.is/-vefur2.nsf/Files/lagsvaede_vidmidunarreglur_2018/$file/L%C3%A1gsv%C3%A6%C3%B0i-vi%C3%B0mi%C3%B0unarreglur-%C3%9Atg%C3%A1fa%20A-04%202018.pdf)

Vestfjarðarstofa, 2019. Sóknaráætlun Vestfjarða. Sótt 12. september 2021 af https://www.vestfiridir.is/static/files/Soknaraaetlun/vestfjardastof-_soknaraaetlun-2020-2024.pdf